

Kærunefnd útboðsmála
Borgartúni 21
105 Reykjavík
Sent rafrænt á knu@yfyrskattanefnd.is

Reykjavík, 1. ágúst 2025

Efni: Kæra ákvörðunar Kópavogsbæjar í útboði nr. 25042774, „Vatnsendavegur – Gatnagerð, stígar og undirgöng“.

Fyrir hönd Stjörnugarða ehf. er kærð ákvörðun kópavogsbæjar, dags. 28. júlí 2025, um að velja tilboð Óskataks ehf. í ofangreindu útboði.

Kröfugerð

Aðallega að nefndin felli úr gildi ákvörðun Kópavogsbæjar, dags. 28. júlí 2025, um val á tilboði Óskataks ehf. í útboði nr. 25042774, og að samningsgerð verði stöðvuð, þar til leyst hefur verið úr kærinni.

Til vara að nefndin láti uppi álit sitt um skaðabótaskyldu Kópavogsbæjar gagnvart kæranda.

Í *báðum tilvikum* er þess krafist að Kópavogsbæ verði gert að greiða kæranda málskostnað.

Aðild

Kærandi er Stjörnugarðar ehf., kt. 510299-2219, Bakkabraut 6, 200 Kópavogi. Fyrirsvarsmaður er Þórir Kristján Þórisson, kt. 311078-4969 (eftirleiðis *kærandi*).

Kærðu eru Kópavogsbær, kt. 700169-3759, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi. Fyrirsvarsmaður er Hjalti Jón Pálsson, innkaupastjóri, og Óskatak ehf., kt. 440107-0600, Digranesheiði 21, 200 Kópavogi. Fyrirsvarsmaður er Óskar Ólafsson, kt. 080963-2549.

Málavextir

- 1.1. Kópavogsbær efndi til almenns útboðs nr. 25042774, vegna verksins „Vatnsendavegur – Gatnagerð, stígar og undirgöng“. Kærandi lagði fram tilboð í verkið sem reyndist vera það hagstæðasta, sbr. opnunarskýrslu, dags. 11. júní 2025, á fskj. 1. Með erindi, dags. 27. júní 2025, var tilkynnt um val á tilboði kæranda, sbr. fskj. nr. 2.



- 1.2. Með kæru, sem barst kærunefndinni 2. júlí 2025, kærði Óskatak ehf. val á tilboði kæranda, sbr. fskj. nr. 3, en Óskatak ehf. átti næst lægsta boð í verkið. Byggði kærán einkum á því að kærandi hefði ekki uppfyllt skilyrði útboðsins, m.a. hvað varðar fjárhagslegt hæfi og reynslu af sambærilegum verkum. Kæranda í fyrirbyggjandi máli var veittur frestur til 17. júlí 2025 til að skila inn andmælum sínum, sem hann og gerði, sbr. erindi dags. 16. júní 2025 á fskj. nr. 4. Ekki verður séð Kópavogsbær hafi látið málið sig varða.
- 1.3. Áður en meðferð máls nr. 30/2005 lauk, og án þess að kæranda í fyrirbyggjandi máli væri tilkynnt um það sérstaklega eða gefinn kostur á andmælum, tilkynnti Kópavogsbær um val á tilboði Óskataks ehf. í verkið, sbr. erindi dags. 28. júlí 2025 á fskj. nr. 5. Enginn rökstuðningur fylgdi þeirri ákvörðun og Kópavogsbær hefur engar skýringar veitt á þeirri ákvörðun sinni að hverfa frá fyrra lögmætu vali á tilboði kæranda. Við eftirgrennslan kom í ljós að Óskatak dró kæru sína í máli nr. 30/2005 til baka hinn 28. júlí 2025, sama dag og tilkynnt var um val á tilboði félagsins.
- 1.4. Kópavogsbær hefur afturkallað ívilnandi stjórnvaldsákvörðun í garð kæranda, án nokkurs rökstuðnings eða málefnalegra ástæðna, og gengið að tilboði sem er síðra en tilboð kæranda. Sú ákvörðun er ólögmæt og ber að fella hana úr gildi.

Málsástæður og lagarök

- 1.5. Hin kærða ákvörðun er haldin verulegum efnis- og formannmörkum og brýtur í bága við grundvallarreglur útboðsréttar, einkum meginreglur um jafnræði, gagnsæi og meðalhóf skv. 15. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup (eftirleiðis OIL.)

Upphaflegt val á tilboð kæranda var lögmætt

- 1.6. Tilboð kæranda var í alla staði gilt og uppfyllti allar kröfur útboðsgagna. Fyrri ákvörðun Kópavogsbæjar um að velja tilboð kæranda var því reist á réttum grundvelli. Röksemdir Óskataks ehf. í fyrri kæru, sem virðast hafa orðið tilefni afturköllunar Kópavogsbæjar, voru haldlausar eins og rakið er í andmælum kæranda í því máli. Í stuttu máli var þar byggt á eftirfarandi:
 - Skil á ársreikningum: Kópavogsbæ var fullkomlega heimilt, á grundvelli 5. mgr. 66. gr. OIL., að óska eftir árituðum ársreikningum eftir opnun tilboða til að lækna smávægilegan formannmarka. Slík beiðni breytir ekki grundvallarþáttum tilboðs og raskar ekki jafnræði, enda var efnisleg fjárhagsstaða kæranda óbreytt og í fullu samræmi við kröfur.



- Reynsluskilyrði: Mat varnaraðila á því að kærandi uppfyllti reynsluskilyrði var málefnalegt og m.a. byggt á fyrri verkum kæranda fyrir varnaraðilann sjálfan. Verkkaupi hefur ákveðið svigrúm við mat á slíkum hæfiskröfum og ekkert bendir til þess að það mat hafi verið rangt. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 450/2007 var slegið föstu að túlka yrði kröfur um „sambærileg verk“ í samræmi við orðanna hljóðan og að verkkaupa væri óheimilt að leggja þrengri merkingu í þau eftir á.
 - Yfirlýsing undirverktaka: Viljayfirlýsing undirverktaka var nægilega skýr og skuldbindandi til að uppfylla kröfur 76. gr. OIL. Auk þess hafði kærandi sjálfur fullnægjandi hæfi til verksins.
- 1.7. Af framangreindu leiðir að upphafleg ákvörðun varnaraðila um val á tilboði kæranda var fyllilega lögmæt og í samræmi við OIL. Um nánari rökstuðning fyrir gildi tilboðs kæranda vísast til andmæla hans í máli nr. 30/2025.
- 1.8. Áréttað er að kærandi hefur engan rökstuðning fengið fyrir ákvörðun Kópavogsbæjar um að afturkalla fyrri ákvörðun. Komi í ljós að ákvörðunin hafi byggt á öðru en að framan greinir, er sérstaklega áskilinn réttur til að koma að andmælum.
- Afturköllun fyrri ákvörðunar var ólögæt*
- 1.9. Í úrskurðarframkvæmd kærunefndar útboðsmála hefur mótað sú ófrávíkjanlega regla að ákvörðun kaupanda um val á tilboði er ívilnandi stjórnvaldsathöfn sem skapar bjóðanda réttmætar væntingar, sbr. m.a. úrskurð kærunefnar útboðsmála í máli nr. 16/2011. Afturköllun slíkrar ákvörðunar kemur því einungis til greina ef „afar veigamiklar ástæður“ liggja að baki. Sönnunarbyrði fyrir slíkum ástæðum hvílir á kaupanda. Þessi regla er skýr í framngreindum úrskurði nefndarinnar í máli nr. 16/2011, þar sem tekið var fram að tilgangur biðtíma væri ekki að veita kaupanda „viðbótarumhugsunartíma eða svigrúm til þess að endurskoða ákvörðun sína“.
- 1.10. Enn fremur braut Kópavogsbær gegn grundvallarreglum um andmælarétt með því að taka hina íþyngjandi ákvörðun um afturköllun án þess að gefa kæranda kost á að tjá sig um þær ástæður sem lágu þar að baki. Slík málsmeðferð er skýrt brot á þeim reglum sem leiða af úrskurðum nefndarinnar, sbr. m.a. mál nr. 20/2021. Þá braut varnaraðili jafnframt gegn rökstuðningsskyldu sinni skv. 85. gr. OIL., sbr. einnig dóm Landsréttar í máli nr. 360/2019.

Skaðabótaskylda



1.11. Samkvæmt 1. mgr. 119. gr. laga nr. 120/2016 er kaupandi skaðabótaskyldur vegna tjóns sem brot á lögunum veldur, hafi fyrirtæki átt raunhæfa möguleika á að verða valið og þeir möguleikar skerast við brotið. Kærandi átti ekki aðeins „raunhæfa möguleika“; hann hafði þegar verið valinn sem handhafi hagstæðasta tilboðsins. Möguleikar hans voru því ekki skertir heldur að fullu afnumdir með ólögmati ákvörðun varnaraðila.

1.12. Ljóst er að öll skilyrði skaðabótaábyrgðar eru uppfyllt. Til hliðsjónar vísast m.a. Hrd. 450/2007, svo og fjölmarga úrskurða kærunefndarinnar, m.a í málum nr. 31/2024, 1/2014 og 26/2010.

1.13. Í ljósi alls framangreinds er þess krafist að hin ólögmeta ákvörðun varnaraðila verði felld úr gildi, sbr. 1. mgr. 111. gr. OIL. Til vara er þess krafist að nefndin láti uppi álit sitt á bótaskyldu varnaraðila, sbr. 1. mgr. 119. gr., sbr. 2. mgr. 111. gr. OIL. Kærandi telur sig eiga rétt á efndabótum. Loks telur kærandi ótvírætt rétt að Kópavogsbær greiði honum málskostnað, sbr. 3. mgr. 111. gr. OIL, einkum í ljósi þess að hann hefur engan rökstuðning fengið fyrir ákvörðun um að falla frá vali á tilboði hans.


Kærandi áskilur sér rétt til að tefla fram frekari kröfum, málsástæðum og lagarökum, svo og til að leggja fram frekari gögn á síðar stigum málsins, verði tilefni til.

Kærandi veitir fúslega frekari gögn eða upplýsingar, sé þess óskað

Með kærni þessari leggur kærandi fram eftirtalin skjöl:

1. Opnunarskýrsla, dags. 11. júní 2025.
2. Tilkynning um val tilboðs, dags. 27. júní 2025
3. Kæra Óskataks ehf. í máli nr. 30/2025.
4. Andsvör kæranda í máli nr. 30/2025, dags. 16. júlí 2025.
5. Tilkynning um val tilboðs, dags. 28. júlí 2025

Virðingarfyllt,
f.h. Stjörnugarða ehf.,



Þórir Helgi Sigvaldason lögmaður

**Opnunarskýrsla**
11.6.2025**Rekstraraðili innkaupa**Kópavogsbær
Hjalti Jón Pálsson**Innkaup**Vatnsendavegur - Gatnagerð, stígar og undirgöng
25042774**Opnunarskýrsla**

Í dag var opnun í ofangreindu útboði.

Tilboð barst frá:

Nafn bjóðanda	Heildartilboðsfjárhæð
Fagurverk ehf.	618.907.100 kr.
Háfell ehf	525.363.950 kr.
Loftorka Reykjavík ehf	513.700.000 kr.
Óskatak ehf	471.898.100 kr.
Stjörnugarðar	449.737.020 kr.
Urð og grjót ehf.	515.334.446 kr.
Kostnaðaráætlun verkkaupa	666.546.282 kr.

Opnunarskýrsla felur ekki í sér niðurstöðu útboðs. Í opnunarskýrslu er einungis birt heildartilboðsfjárhæð en endanlegt val getur ráðist af fleiri valforsendum skv. útboðsgögnum.

Framsetning opnunarskýrslu er með fyrirvara um hugsanlega reiknivillu og að ekki er búið að meta gildi tilboða. Komi í ljós að fjárhæðir í opnunarskýrslu eru ekki réttar miðað við framsetningu tilboðsblaðs og leiðbeiningar um útfyllingu á því, verður leiðrétt opnunarskýrsla birt eins fljótt og unnt er.



Val tilboðs
27.6.2025

Rekstraraðili innkaupa

Kópavogsbær
Hjalti Jón Pálsson

Innkaup

Vatnsendavegur - Gatnagerð, stígar og undirgöng
25042774

Tilkynning um val tilboðs

Ágæti viðtakandi

Ákvörðun um val á tilboði liggur fyrir í eftirfarandi útboði: **25042774: Vatnsendavegur - Gatnagerð, stígar og undirgöng**

Það tilkynnist hér með að tilboði lægstbjóðanda/ hagkvæmasta tilboð frá **Stjórnugörðum kt. 510299 2219** hefur verið valið.

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) er óheimilt að gera samning í kjölfar ákvörðunar um val tilboðs fyrr en að liðnum 5 daga biðtíma, frá deginum eftir að tilkynning telst birt, skv. 1. og 2. mgr. 85. mgr. Biðtími hefst **27.06.2025** og lýkur **02.07.2025**. Verði ákvörðun þessi ekki kærð og útboðið stöðvað er heimilt að ganga til samninga frá og með **03.07.2025**.

Samkvæmt 85. gr. OIL eiga bjóðendur rétt á að fá rökstuðning fyrir höfnun á tilboðum sínum, sendi þeir um það skriflega beiðni (bréf eða tölvupóstur) til innkaupadeildar Kópavogsbæjar innan 14 daga frá því að bjóðanda var tilkynnt ákvörðun. Kópavogsbær mun svara beiðninni eigi síðar en 15 dögum eftir að hún berst. Tilkynningu um val tilboðs og rökstuðning skv. beiðni skal senda öllum fyrirtækjum sem ekki hefur verið hafnað eða vísað frá innkaupaferli með endanlegri ákvörðun.

Í XI. kafla laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) er fjallað um kærunefnd útboðsmála. Þar kemur fram í 1. mgr. 106 gr.: Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Kröfu um óvirkni samnings er þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Nánari ákvæði um fresti eru í 106. gr. Fyrir hverja kæru skal kærandi greiða kærugjald að fjárhæð 210.000 kr.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila sem kæra beinist að (varnaraðila) og ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar samkvæmt lögum þessum. Kærandi skal tilkynna kaupanda um kæru eins skjótt og mögulegt er.

Lög um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) eru birt á heimasíðu
Alþingis: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2016120.html>

[Hér er að finna nánari upplýsingar um kærunefnd útboðsmála og frekari leiðbeiningar um kærurheimildina.](#)

Netfang kærunefndar útboðsmála er knu@yfyrskattanefnd.is og símanúmer nefndarinnar er +354 575 8700.

Kópavogsbær þakkar fyrir þátttökuna.



Kærunefnd útboðsmála
knu@yfyrskattanefnd.is

Kæra

Kært er val Kópavogsbæjar vegna útboðs 25042774: Vatnsendavegur – Gatnagerð, stígar og undirgöng. Tilkynning um val á tilboði barst umbj. mínum Óskatak ehf. þann 27. júní 2025 og var tilboði Stjörnugarða ehf., kt. 510299-2219 tekið. Skv. tilkynningu um val tilboðs hófst biðtími skv. 86. gr. OIL 27.06.2025 og lýkur í dag 02.07.2025.

Kröfugerð kæranda

Kærandi gerir aðallega þá kröfu skv. 111. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (hér eftir OIL.) að kærunefnd útboðsmála felli úr gildi ákvörðun Kópavogsbæjar (kaupanda) um val á tilboði Stjörnugarða ehf. í útboði 25042774: Vatnsendavegur – Gatnagerð, stígar og undirgöng.

Kærandi gerir kröfu um stöðvun samningsferlis hafi það hafist þar til endanlega hefur verið skorið úr kæru.

Loks krefst kærandi þess að varnaraðila verði gert að greiða sér málskostnað vegna þessa kærumáls fyrir nefndinni.

Kærandi heimilar að tilkynningar, ákvarðanir og úrskurðir verði eingöngu sendar kæranda rafrænt á netfangið gudbjarni@lagastod.is

Aðild og tilefni kæru

Kærandi (sóknaraðili) er Óskatak ehf., kt. 440107-0600, Digranesheiði 21, 200 Kópavogi en félagið var með næstlægsta tilboðið í verkið. Fyrirsvarsmaður félagsins er Óskar Ólafsson, kt. 080963-2549, Digranesheiði 21, 200 Kópavogur en hann er stjórnarmaður og framkvæmdarstjóri. Guðbjarni Eggertsson lögmaður á Lagastod lögfræðiþjónustu ehf., reka málið fyrir hönd kæranda. gudbjarni@lagastod.is

Kærði (varnaraðili) er Kópavogsbær, kt. 700169-3759, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi. Fyrirsvarsmaður er Hjalti Jón Pálsson, innkaupastjóri. hjalti.jon.palsson@kopavogur.is

Meðkærði (varnaraðili) er Stjörnugarðar ehf., kt. 510299-2219, Bakkabraut 6, 200 Kópavogi. Fyrirsvarsmaður er Þórir Kristján Þórisson, kt. 311078-4969, Holtagerði 22, 200 Kópavogur, stjórnarmaður og framkvæmdarstjóri.

Kæra þessi byggir aðallega á því að varnaraðila Kópavogsbæ hafi borið að hafna tilboði varnaraðila Stjörnugarðar ehf. þar sem tilboð þeirra var ekki sett fram skv. útboðsgögnum bæjarins.

Málsatvik og málsástæður.

Varnaraðili Kópavogsbær birti auglýsingu um útboðsskilmála vegna innkaupa: 25042774: Vatnsendavegur – Gatnagerð, stígar og undirgöng þann 21. maí 2025. Lokatilboðsdagur var 11. júní 2025 kl. 12:00. Sjá fylgiskjal nr. 2. Skv. opnunarskýrslu á fylgiskjali nr. 3 lágu fyrir innan tilboðsfrests 6 tilboð. Tilboð varnaraðila Stjörnugarða ehf. og tilboð umb. míns voru þar á meðal.

Að mati umbj. minna var val varnaraðila Kópavogsbær ekki í samræmi við útboðsskilmála og bar bænum að hafna og/eða vísa tilboði varnaraðila Stjörnugarða ehf. frá. Strax þann 30. júní sl. var f.h. sóknaraðila sendur tölvupóstur, sjá fylgiskjal nr. 3 þar sem tilkynnt var um að val á útboði yrði kært til Úrskurðarnefndar útboðsmála innan biðtíma, á samt því að gögn yrðu afhent og þá var þess krafist að varnaraðili Kópavogsbær endurskoði fyrri afstöðu sína og afturkalli val á tilboði. Sjá efni tölvupóstsins á fylgiskjali nr. 4. Svar bars þann 1. júlí 2025 þar sem gögn voru afhent, sjá fylgiskjal nr. 5, ásamt því að upplýst var að ársreikningur varnaraðila Stjörnugarða ehf. væri í endurskoðun og ættu að berast fljótlega. Strax sama dag eða 1. júlí 2025 var erindi bæjarins svarað og vísað til þess að grunur umbj. minna væri staðfestur. Ekki verði betur séð en Kópavogsbæ hafi borið, án kröfu, að hafna/ógilda tilboð Stjörnugarða ehf. í verkið. Gögn sem Stjörnugarðar framvísuðu uppfylla ekki skilyrði útboðsins. Vísað er til greinar 1.3. í útboðsskilmálum sbr. 86. gr. OIL. Ársreikningur er ekki fullnægjandi og úr því verður ekki bætt eftir á, sjá skilmála útboðsins, grein og dóm Landsréttar nr. 144/2020 en þar átti varnaraðili Kópavogsbær í hlut. Vísað er auk þess til jafnræðis tilboðsgjafa, sbr. m.a. 15. gr. laga OIL. Vísað er til greinar 1.3.7. í útboðsskilmálum þar sem fjallað er um fjárhagsstöðu bjóðanda. Ekki verður séð að Stjörnugarðar ehf. uppylli skilyrði um að ársreikningur fyrir árin 2023 og 2024 hafi verið unnin af löggiltum endurskoðanda og þannig endurskoðaðir. Vísað er til fyrri fordæma Kópavogsbæjar. Auk þess sem ársreikningur 2024 er ekki í ársreikningaskrá skv. heimasíður Fyrirtækjaskrár. Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að ársreikningur Stjörnugarða ehf. fyrir árin 2023 og 2024 hafi verið í endurskoðun og/eða unnir af endurskoðanda.

Þá er vísað til greinar 1.3.11 Tæknileg og fagleg geta bjóðanda. Vandséð er hvernig félagið Stjörnugarðar ehf. uppfylli skilyrði um að hafa á sl. 7 árum lokið við a.m.k. eitt sambærilegt verk (m.a. gerð undirgagna enda ber heiti útboðsins Gatnagerð- stígar og undirgöng). Sérstaklega er það tilgreint að til sambærilegra verkefna teljist verkefni svipaðs eðlis (helstu verkþættir og flækjustig) og að upphæð verksamnings hafi að lágmarki verið 80% af tilboði í umrætt þetta verk. Vísað er einnig til b. liðar sömu greinar þar sem fjallarð er um yfirstjórnanda og hæfi hans. Viljayfirlýsing sem lög var fram sbr. fylgiskjal nr. 5 uppfyllir ekki skilyrði um getu enda uppfyllir meint viljayfirlýsing við félagið Heildarverk ehf. ekki skilyrði greinar 1.3. í útboðsskilmálum um skuldbindandi yfirlýsingu. Viljayfirlýsing er yfirlýsing um vilja en ekki skyldu eða

skuldbindingu. Í þessu sambandi er m.a. vísað til 76. gr. OIL. Ljóst er að skilyrði greinar 1.3.7 og 1.3.9. í útboðsskilmálum eru ekki uppfyllt í gögnum Stjórnugarða ehf.

Að virtu öllu framangreindu telur kærandi það vera ótvírætt að hin kærða ákvörðun varnaraðila, hafið verið ólöglegt og að hana beri að fella úr gildi.

Krafa kæranda um málskostnað úr hendi varnaraðila byggist á 3. mgr. 111. gr. laga um opinber innkaup. Ærin ástæða hafi verið fyrir kæranda að fá skorið úr um lögmæti hinnar kærðu ákvörðunar varnaraðila, enda er ljóst að mjög miklir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi.

Lagarök:

Kærandi styður kröfur sínar og málsástæður meðal annars við meginreglur útboðsréttar er tryggja eiga festu í opinberum útboðum og löglega málsmeðferð og ákvarðanatöku, auk áður greindra ákvæða laga um opinber innkaup.


Kærandi vísar til 11. kafla laga um opinber innkaup að því er varðar kærueimild, málsmeðferð fyrir kærunefnd útboðsmála, úrræði nefndarinnar og kröfugerð í kærumáli.

Áskilnaður:

Kærandi áskilur sér rétt til þess að tefla fram frekari kröfum, málsástæðum og lagarökum, svo og að leggja fram fleiri gögn á síðari stigum málsins, gefi andsvör varnaraðila tilefni slíks.

Virðingarfyllt

fyrir hönd kæranda



Guðbjarni Eggertsson, hrl.

Fylgiskjöl

1. Tilkynning um val dags. 27.6.2025
2. Útboðsskilmálar.
3. Opnunarskýrsla dags. 11.6.2025
4. Afrit af tölvupóstsamskiptum 30. júní - 2. júlí 2025.
5. Fylgiskjöl með tölvupóstum (óstaðfestir ársreikningar og viljayfirlýsing um samstarf).

Kærunefnd útboðsmála
Borgartúni 21
105 Reykjavík
Sent rafrænt á knu@yfiskattanefnd.is

Reykjavík, 16. júlí 2025

Efni: Athugasemdir Stjörnugarða ehf. við kæru í máli nr. 30/2025

Stjörnugarðar ehf., kt. 510299-2219, hafa falið undirrituðum að leggja fram athugasemdir við kæru í ofangreindu máli.

Umbj. minn var hlutskarpastur í útboði Kópavogsbæjar nr. 25042774, auðkenndu sem „Vatnsendavegur – Gatnagerð, stígar og undirgöng“. Með kæru, sem er ódagsett en barst kærunefndinni 2. júlí sl., krafðist Óskatak ehf., kt. 440107-0600, þess að ákvörðun um val á tilboði umbj. míns yrði ógilt, að samningagerð við hann yrði stöðvuð og málskostnaðar úr hendi Kópavogsbæjar.

Með erindi kærunefndarinnar til umbj. míns, dags. 3. júlí sl., var umbj. mínum gefinn kostur á að tjá sig um kærana.

Umbj. minn krefst þess að öllum kröfum kæranda verði hafnað og að hin kærða ákvörðun Kópavogsbæjar verði látin standa óröskuð.

Athugasemdir umbj. míns eru eftirfarandi.

- 1.1. Kærandi byggir á þremur meginatriðum. Kærandi byggir í *fyrsta lagi* á því að umbj. minn hafi ekki skilað ársreikningum í tilskildu formi, í *öðru lagi* að umbj. minn skorti reynslu af sambærilegum verkefnum og, í *þriðja lagi*, á því að umbj. minn hafi ekki tryggt sér skuldbindandi yfirlýsingu samstarfsverktaka. Öllum þessum málsástæðum er mótmælt. Ákvörðun Kópavogsbæjar var að fullu í samræmi við lög nr. 120/2016 um opinber innkaup og þá framkvæmd sem hefur mótast í úrskurðum dómstóla og kærunefndar útboðsmála.

Um skil ársreikninga og mat á fjárhagslegu hæfi

- 1.2. Umbj. minn skilaði ársreikningum sínum tímanlega með tilboðsgögnum sínum. Ársreikningarnir voru unnir af endurskoðanda, en báru ekki með sér staðfestingu hans. Í kjölfarið óskaði Kópavogsbær eftir frekari gögnum um staðfestingu endurskoðanda á ársreikningunum, í samræmi við heimild í 5.



mgr. 66. gr. laga nr. 120/2016. Heimildin er sérstaklega ætluð til að lækna formannmarka eða bæta við upplýsingum sem kann að vanta, án þess að breyta grundvallarþáttum tilboðs eða raska jafnræði. Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 120/2016 er sérstaklega tekið fram að ákvæðið sé til einföldunar og til að koma í veg fyrir að hagstæð tilboð falli á smávægilegum formgöllum.

- 1.3. Ljóst er að umbj. minn uppfyllti allar efnislegar kröfur um fjárhagslegt hæfi við opnun tilboða, en lagði fram frekari staðfestingu á því síðar, að beiðni Kópavogsbæjar. Slíkt er lögmætt og samræmist megintilgangi laga nr. 120/2016. Til hliðsjónar vísast m.a. til úrskurðar kærunefndarinnar í máli nr. 7/2017, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að það raskaði ekki samkeppni þótt bjóðanda væri gefinn kostur á að leggja fram ársreikning síðar. Sagði m.a. í úrskurðinum að horft væri til þess að raunveruleg fjárhagsstaða fyrirtækis breytist ekki þótt það leggi fram, eftir opnun tilboða, frekari upplýsingar og formlega staðfestingu um fjárhagslega stöðu. Þessi afstaða var ítrekuð í máli nr. 36/2020. Loks vísast til máls nr. 5/2013, þar sem talið var ganga gegn hagkvæmnissjóðarmiðum að hafna hagstæðasta tilboði vegna slíks formgalla.

Um reynslu af sambærilegum verkefnum

- 1.4. Kærandi véfengir reynslu umbj. míns af sambærilegum verkefnum. Umbj. minn hefur starfað á útboðsmarkaði um langt skeið og lokið við fjölda verkefna sem eru sambærileg og það verk sem mál þetta hverfist um. Á undanförunum árum hefur umbj. minn unnið þónokkur útboðsverkefni fyrir Kópavogsbæ, þ.á.m. nýlega endurgerð Smárahvammisvegur og nærumhverfi hans. Það verkefni var verulega flókið og kostaði u.þ.b. 430 m.kr. Með vísan til þessa, og þess að Kópavogsbær, sem hefur bestu þekkingu á eigin þörfum, mat reynslu umbj. míns fullnægjandi, telur umbj. minn þessa málsástæðu kæranda haldlausa.

Um viljayfirlýsingu samstarfsverktaka

- 1.5. Sú röksemd kæranda, að yfirlýsing samstarfsverktaka umbj. míns, Heildarverks ehf., sé ekki skuldbindandi, byggir á því að taka einstök orð úr samhengi. Samkvæmt 76. gr. laga nr. 120/2016 ber bjóðanda að sanna að hann hafi tryggt sér tilgreinda aðstoð, til dæmis með skuldbindandi yfirlýsingu. Breytir engu þótt yfirlýsing samstarfsverktakans hafi borið yfirskriftina Viljayfirlýsing, enda verður við mat á slíkri yfirlýsingu að líta til heildarinntaks hennar og þess



vilja sem að baki býr. Texti yfirlýsingarinnar er ótvíræður, sbr. orðalagið *Heildarverk mun taka að sér uppsteypu undirganga og allt sem snýr að þeim verkætti í þessu samstarfi*. Af textanum er augljóst að um er að ræða fyrirvaralaus skuldbindingu Heildarverks ehf. til þátttöku í verkinu ef umbj. minn yrði hlutskarpastur. Þá er og byggt á því að umbj. minn hafi sjálfur uppfyllt allar hæfiskröfur, óháð stuðningi samstarfsverktaka. Því varðar ekki ógildingu ákvörðunar Kópavogsbæjar, þótt yfirlýsingin yrði ekki talin skuldbindandi samkvæmt efni sínu, sbr. m.a. til hliðsjónar úrskurð kærunefndarinnar í máli nr. 5/2022.

Kærandi hefur ekki hagsmuni af úrlausn kærunnar

- 1.6. Vakin er athygli á því að kærandi gerir þrenns konar kröfur fyrir nefndinni, þ.e. að ákvörðun um val á tilboði umbj. míns verði ógilt, að samningsferli verði stöðvað og að honum verði greiddur málskostnaður. Kærandi gerir þannig engar kröfur sem hann hefur beina hagsmuni af, s.s. um að gengið verði að tilboði hans eða að verkefnið verði boðið út á ný. Þar sem kærandi hefur ekki hagsmuni af úrlausn málsins, eins og hann leggur það upp, er vandséð að úrskurður geti gengið í málinu.

- 1.7. Með vísan til alls framangreinds er ljóst að tilboð umbj. míns var í alla staði lögmætt og gilt. Ákvörðun Kópavogsbæjar um að taka tilboði hans var reist á málaefnalegum grunni og í samræmi við lög nr. 120/2016. Kæran er tilhæfalaus og ber að hafna henni í heild sinni.
- 1.8. Umbj. minn veitir fúslega frekari gögn eða upplýsingar, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Stjórnugarða ehf.,
Þórir Helgi Sigvaldason
Lögmaður
200490-4019

Þórir Helgi Sigvaldason lögmaður



Val tilboðs
28.7.2025

Rekstraraðili innkaupa

Kópavogsbær
Hjalti Jón Pálsson

Innkaup

Vatnsendavegur - Gatnagerð, stígar og undirgöng
25042774

Tilkynning um val tilboðs

Ágæti viðtakandi

Ákvörðun um val á tilboði liggur fyrir í eftirfarandi útboði: **25042774: Vatnsendavegur - Gatnagerð, stígar og undirgöng**

Það tilkynnist hér með að tilboði lægstbjóðanda/ hagkvæmasta tilboð frá Óskatak ehf. kt. 440107 0600 hefur verið valið.

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) er óheimilt að gera samning í kjölfar ákvörðunar um val tilboðs fyrr en að liðnum 5 daga biðtíma, frá deginum eftir að tilkynning telst birt, skv. 1. og 2. mgr. 85. mgr. Biðtími hefst **29.07.2025** og lýkur **04.08.2025**. Verði ákvörðun þessi ekki kærð og útboðið stöðvað er heimilt að ganga til samninga frá og með **05.08.2025**.

Samkvæmt 85. gr. OIL eiga bjóðendur rétt á að fá rökstuðning fyrir höfnun á tilboðum sínum, sendi þeir um það skriflega beiðni (bréf eða tölvupóstur) til innkaupadeildar Kópavogsbæjar innan 14 daga frá því að bjóðanda var tilkynnt ákvörðun. Kópavogsbær mun svara beiðninni eigi síðar en 15 dögum eftir að hún berst. Tilkynningu um val tilboðs og rökstuðning skv. beiðni skal senda öllum fyrirtækjum sem ekki hefur verið hafnað eða vísað frá innkaupaferli með endanlegri ákvörðun.

Í XI. kafla laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) er fjallað um kærunefnd útboðsmála. Þar kemur fram í 1. mgr. 106 gr.: Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Kröfu um óvirkni samnings er þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Nánari ákvæði um fresti eru í 106. gr. Fyrir hverja kæru skal kærandi greiða kærugjald að fjárhæð 210.000 kr.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila sem kæra beinist að (varnaraðila) og ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar samkvæmt lögum þessum. Kærandi skal tilkynna kaupanda um kæru eins skjótt og mögulegt er.

Lög um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) eru birt á heimasíðu Alþingis: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2016120.html>

[Hér er að finna nánari upplýsingar um kærunefnd útboðsmála og frekari leiðbeiningar um kærueheimildina.](#)

Netfang kærunefndar útboðsmála er knu@yfirs kattane fnd.is og símanúmer nefndarinnar er +354 575 8700.

25042774 Vatnsendavegur - Gatnagerð, stígar og undirgöng

Kópavogsbær þakkar fyrir þátttökuna.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026